

greiða hinum stefnda Otta Guðmundssyni 6—
sex—krónur í kost og tæringu innan 8 vikna
frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella aðför
að lögum.

Mánudaginn 23. janúarmán.

Nr. 57/1887.

Rjettvísín

gegn

Kristjáni Þorgrímssyni, Guðmundi
Guðmundssyni og Halldóri Sigurðssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Þingeyjarsýslu, sem 4. júní
f. á. var kveðinn upp í máli, er amtmaðurinn í Norð-
ur- og Austuramtinu hafði boðið að höfða gegn bænd-
unum Kristjáni Þorgrímssyni í Leirhöfn, Guðmundi
Guðmundssyni á Hálsi, og Halldóri Sigurðssyni á Ein-
arsstöðum, út af broti gegn 251. grein hinna almennu
hegningarlaga, voru hinir nefndu ákærðu sýknaðir af
kærum rjettvísinnar, og málskostnaður, þar með talin
málsvarnarlaun til hinna skipuðu talsmanna hinna á-
kærðu, Hermanns stúdents Hjálmarssonar og hrepps-
nefndaroddvita Þorbergs Þórarínssonar, 6 kr. til hvors
þeirra, dæmdur af almannafje.

Þessum dómi hefur hlutaðeigandi amtmaður skotið
til yfirdómsins.

Málsatvik eru þessi. Um haustið 1884 rak upp
á Presthóla- og Magnavíkur-reka í Presthólahreppi
í Þingeyjarsýslu, er liggja saman, ýmisleg brot
og áhöld úr smábátum, svo sem nokkrar árar,
mastur og þóptur, meira eða minna brotið, ástöðu-

palla og annað smælki úr bátum, svo og brot úr bómu eða bugspjóti hjer um bil 8—9 álnir að lengd með brotalöm í miðju. Þetta allt hirtu hinir ákærðu hver fyrir sínu eða ábýlisjarðar sinnar landi með samþykki hlutaðeigandi landeigenda eða landráðanda, án þess að því væri lýst samkvæmt fyrirmælum opins brjefs 2. apríl 1853. Hið nefnda bómu eða bugspjótsbrot hefur verið metið 4—5 krónur, og hið annað talið samtals hjer um bil 10 kr. virði. Hlutaðeigandi hreppstjóri hafði gengið á ofan nefnda reka og sjeð framangreinda muni, og áleit hann þá ekki þess eðlis, að fara þyrfti með þá samkvæmt nýnefndu opnu brjefi 2. apríl 1853.

Ofangreind atvik eru löglega sönnuð með játningu hinna ákærðu og öðrum skýrslum, sem fengnar eru í málinu.

Það er nú að vísu svo, að skyldu bar til að lýsa fyrir sýslumanni framangreindum sjóreknun munum, sem verða að álitast vogrek samkvæmt opnu brjefi 4. maí 1778, en sú skylda lá ekki á hinum ákærðu, og með því þeir opinskátt hirtu hina reknu muni eptir skipun landeiganda, með samþykki landráðanda og með vitund hlutaðeigandi hreppstjóra, virðast þeir ekki hafa brotið gegn 251. grein hinna almennu hegningarlaga, og eru þeir því með rjettu sýknaðir í þessu máli; og með því yfirdómurinn einnig verður að fallast á ákvæði hjeradsdómsins um málskostnað, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Málskostnaður fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns, 10 kr. til hvors þeirra, á eptir mála-vöxtum að greiðast af almannafje.

Rekstur málsins í hjeraði hefur að vísu verið nokkuð

seinfara, en þó ekki svo að hjeradsdómaranum, er talið hefur ástæður fyrir, verði sök á gefin.

Sókn og vörn í málinu fyrir yfirdómi hefur verið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannaþje.

Mánudaginn 20. febrúarmán.

Nr. 51/1887.

Landsjóðurinn
gegn
Jóni Sigfússyni.

Dómur:

Hinn 20. ágústmán. 1878 gaf hinn stefndi, Jón Sigfússon á Espihóli, Eggert umboðsmanni Gunnarssyni leyfi til þess að veðsetja eignarjarðir sínar, Botn í Fjörðum í Grýtubakkahreppi, 10,8 hndr. að dýrl., og $\frac{1}{3}$ úr Veigastöðum í Svalbarðshreppi (o: Svalbarðsstrandahreppi), 6,6 hndr. að dýrl., fyrir peningaláni úr viðlagasjóði Íslands eða hvar helzt sem honum þóknist.

Hinn 25. nóvembermán. s. á. veðsetti Eggert Gunnarsson nefndar jarðir, svo og 17 hndr. úr hálfendu jarðarinnar Hrauns í Yxnadal í Eyjafjarðarsýslu, fyrir 1000 kr. láni úr viðlagasjóði. En með því hann ekki stóð